



99. stjórnarfundur

Dagsetning	19.3.2026
Tími	16:00
Fundi lauk	17:50
Staðsetning	Flugvelli 33

Stjórnarmenn boðaðir:

Guðný Birna Guðmundsdóttir, Trausti Arngrímsson, Sigursveinn Bjarni Jónsson, Birgir Örn Ólafsson, Birgitta Rún Birgisdóttir og Eypór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri. Kristján Þór Ragnarsson frá Deloitte var gestur fundarins.

Dagskrá fundar

1. Ársreikningur Brunavarna Suðurnesja bs 1
2. Skýrsla slökkviliðsstjóra. 1
3. Staða fjármála 2
4. Nýtt skipurit bs 2
5. Brunavarnaráætlun..... 2
6. Ársskýrsla BS..... 2
7. Önnur mál..... 2

Fundagerð

1. Ársreikningur Brunavarna Suðurnesja bs.

Kristján Þór Ragnarsson frá Deloitte kynnir drög að ársreikningi Brunavarna Suðurnesja bs. Ársreikningur verður tekinn til samþykktar á næsta stjórnarfundum Brunavarna Suðurnesja bs.

2. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri fer yfir tölfræði útkalla fyrir janúar og febrúar. Vinna er hafin við að gera persónuverndarstefnu fyrir Brunavarnir Suðurnesja. Samningur er við Reykjanesbæ um aðgang að persónuverndarfulltrúa. Jafnframt mun persónuverndarfulltrúi koma að gerð ferlavinna sem snýr að persónuvernd Brunavarna Suðurnesja bs.

Slökkviliðsstjóri kynnir fyrir stjórn stöðu samningsviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands. Slökkviliðsstjóri leggur til að samið verði til 1 árs miðað við þau samningsdrög sem liggja fyrir. Vinna er hafin við það að fá Deloitte til að meta raunkostnað sjúkraflutninga á Suðurnesjum sem mun nýtast í samningaviðræður sem framundan eru,

Búið er að ráða í sumarafleysingar fyrir árið 2026. 14 aðilar sóttu um stöðu í sumarafleysingum, 9 aðilar uppfylltu skilyrði samkvæmt kröfum og 7 aðilar voru ráðnir.



3. Staða fjármála

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu fjármála.

Staða fjármála er góð.

4. Nýtt skipurit Brunavarna Suðurnesja bs.

Drög að nýju skipuriti kynnt. Verkefni BS eru rýnd sérstaklega með tilliti til stjórnenda og athugasemda úr brunavarnaáætlun. Slökkviliðsstjóri leggur til breytingar til að styrkja sérstaklega stöðu fjármála- og eldvarnareftirlits. Mikilvægt er að auka við eldvarnareftirlit til að komast yfir aukin verkefni sveitarfélaganna og fyrirtækja á svæðinu. Áhersla er lögð á að bæta við deildarstjóra í fjármálahluta BS til að draga úr verktöku.

Stjórn telur mikilvægt að slökkviliðsstjóri hafi formlegan afleysingaraðila fyrir sumarið 2026 og tekur undir tillögu slökkviliðsstjóra að setja Ingva Þór Hákonarson deildarstjóra útkallssviðs, tímabundið í stöðu varaslökkviliðsstjóra.

5. Brunavarnaráætlun

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu brunavarnaráætlunar í samþykktarferlinu.

Jákvæð viðbrögð og styttest í samþykki frá öllum sveitarfélögum.

6. Ársskýrsla BS

Slökkviliðsstjóri kynnir fyrir stjórn ársskýrslu Brunavarna Suðurnesja bs.

Ársskýrslan lögð fram.

7. Önnur mál

Erindisbréf fyrir stjórn Brunavarna Suðurnesja bs. lagt fram til kynningar.

Erindisbréf sent til sveitarfélaganna til kynningar.